

Markmið: Meginmarkmið allra söguáfanga er að efla sögulega þekkingu og styrkja skilning nemenda á samfélögum manna á liðnum tímum. Þar að auki er lögð áhersla á gagnrýna hugsun, vönduð vinnubrögð og metnaðarfulla framsetningu verkefna.

Áfangalýsing: Fjallað verður um sögu trúarbragða í víðu samhengi. Reynt verður að grafast fyrir um tilurð og þróun hinna ýmsu trúarbragða, könnuð sérstaða þeirra og samband við önnur trúarbrögð, fræði og samfélag. Megintrúarbrögð mannkyns verða í brennidepli og staða þeirra í samtímanum könnuð. Sérstök áhersla verður lögð á siðferðilega þætti trúarbragða og stefnt að frjóum samræðum nemenda um þau efni. Trúarlíf á Akureyri verður kynnt, gestir munu flytja fyrirlestra og nokkrir söfnuðir sóttir heim. Af þeim sökum eru aðeins 4 kennslustundir af 6 í töflu. Einnig verður unnið á bókasafni utan töflu.

Námsefni: *Ágrip af trúarbragðasögu*, eftir Ólaf Hansson. Auk þess ýmislegt annað lesefni eftir þörfum.

Kennsluhættir: Fyrirlestrar, verkefnavinna, umræður, heimsóknir.

Fyrirlestur: Nemendur flytja fyrirlestur á önninni, tveir saman, og andmæla öðrum. Skila skal handriti til kennara tveimur dögum fyrir flutning.

Námsmat: Skriflegt próf gildir 70% af einkunn, fyrirlestur og verkefni 30%.

Lausleg kennsluáætlun:

1. til 2. vika:	Frumstæð trúarbrögð
3. vika:	Trúarbrögð Egypta
4. til 5. vika:	Indversk trúarbrögð og Búddhadómur
6. vika:	Kínversk trúarbrögð
7. vika:	Trúarbrögð Grikkja og Rómverja
8. til 9. vika:	Gyðingdómur
10. til 11. vika:	Íslam
12. til 14. vika:	Kristindómur
15. vika:	Upprifun og samantekt